

Stóru-Vogaskóli

# Læsi til framtíðar

Þróunarverkefni í lestri

2003-2004

Inga Sigrún Atladóttir

## Formáli

Þróunarverkefnið Læsi til framtíðar skiptist í tvo hluta; gagnvirkan lestur og hugtakakort. Í þessari skýrslu er greint frá fyrri hluta verkefnisins í Stóru – Vogaskóla á haustmánuðum 2003.

Verkefnið Læsi til framtíðar er hluti að stærra verkefni, Lestrarmenning í Reykjanesbæ, sem Reykjanesbær hefur skipulagt. Í því verkefni reyna ólíkir aðilar í bænum að virkja samfélagið til að efla lestrarþroska og málskilning barna og unglunga í bænum.

Verkefnið um gagnvirkan lestur er því aðeins líttill hluti af stærra verkefni sem Stóru-Vogaskóli er ekki aðili að. Í þessari skýrslu er greint frá aðdraganda verkefnisins, framkvæmd og niðurstöðum og að lokum settar fram ályktanir og vangaveltur sem dregnar eru af ferlinu.

Gagnvirkur lestur var kenndur í Stóru-Vogaskóla frá 15. september – 30. nóvember 2003. Verkefnið var undir stjórn skólaþróunarsviðs kennaradeildar Háskólans á Akureyri og frá skólanum hafði Rósa Eggertsdóttir umsjón með ráðgjöf. Verkstjóri frá skólaskrifstofu Reykjanes var Jónína Friðjónsdóttir, verkstjóri eða oddviti sem hóf verkefnið í Stóru-Vogaskóla var Halla Jóna Guðmundsdóttir. Seinni oddviti skólans og höfundur þessarar skýrslu er Inga Sigrún Atladóttir.

# 1. hluti

## Aðdragandi verkefnisins

Á síðastliðnum árum hefur verið mikil umræða í samfélaginu um almennt gengi nemenda í námi og hafa skólar á Suðurnesjum verið gagnrýndir í umræðunni vegna slaks árangurs nemenda skólanna í samæmdum prófum. Þrátt fyrir að ljóst sé að samræmd próf séu ekki algildur mælikvarði á skólastarf var mikill vilji í Stóru- Vogaskóla til þess að reyna að bæta árangur nemenda almennt, skoða þær kennsluaðferðir sem notaðar eru í skólanum og hugsanlega bæta við nýjum áherslum í kennslunni.

Skólastarf í Stóru-Vogaskóla er í sífelldri þróun og hluti af breyttum kennsluháttum er áhersla frá því *hvaða* námsefni nemendur læra að því *hvernig* þeir tileinka sér námsefnið sem best. Til að nýta sem best þá kennslu sem stendur nemendum til boða fannst okkur mikilvægt að huga að námstækni aðferðum og leitast við að færa nemendum tæki til að skoða námsaðferðir sínar og bæta skilvirkni þeirra aðferða sem þeir nota. Gagnvirkur lestur er að grunninum til námtækni og sáum við í verkefni tækifæri til að koma með áherslur inn í skólastarfið þar sem nemendur væru virkjaðir nemendur til velta fyrir sér þeim aðferðum sem þeir beita við að tileinka sér námsefnið námið og taka þannig meiri ábyrgð á eigin námi. Gagnvirkur lestur leggur áherslu á þessa þætti og fannst okkur hann því góður kostur fyrir skólastarfið.

Að tilstuðlan fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar var skólastjórnendum á Suðurnesjum boðnir á kynningarfund þar sem ráðgjafi frá skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri kynnti verkefnið. Niðurstaða þeirrar kynningar var að verkefnið hentaði vel þeim áherslum sem skólin vildi hafa í starfi sínu þar sem saman færi áhersla á betri lestrarkunnáttu og námstækni.

## 2. hluti

### Framkvæmd

Á vormánuðum 2003 heyrðum við kennarar skólans fyrst af verkefninu Læsi til framtíðar – Gagnvirkur lestur. Þá fengum við nokkur blöð um verkefnið og við kvött til að kynna okkur það. Einnig var okkur kynnt það áttak sem skólinn átti að vera hluti af og tilgangur þess væri að efla lesskilning nemenda.

Á starfsdögum í upphafi skólaársins var tekin upp umræðan um gagnvirkan lestur, almennur áhugi var á verkefninu og var niðurstaðan sú að allt það starfsfólk skólans sem kom að kennslunni (kennarar og skólaliðar) fór á námskeið Rósu Eggertsdóttur um gagnvirkan lestur. Þrátt fyrir að í námskeiðslýsingu væru þeir kennarar sem kenndu 3.-9. bekk aðeins boðaðir á námskeiðið var tekin var sú ákvörðun strax í upphafi að allir kennarar skólans færu. Á námskeiðið 20.-21. ágúst 2003 fóru því allir kennarar skólans að frátöldum myndmenntakennaranum sem ekki var komin til starfa og umsjónarkennara 10. bekkjar sem var í veikindaleyfi.

Dagana eftir námskeiðið mæddi mikið á oddvita skólans. Haldinn var kynningarfundur fyrir kennara þar sem fjallað var um framgang verkefnisins. Ákveðið hafði verið að oddvitar skólanna semdu próf til að leggja fyrir árgangana í september, nóvember og maí. Mikil vinna fór því í að búa til próf, senda á milli gögn, breytingar og leiðréttingar. Þessi vinna var afar tímafrek og krafðist þekkingar sem oddviti skólans hafði ekki verið ljóst að þyrfti í verkefnið. Eftir að gerð prófanna var lokið baðst oddvitinn undan ábyrgð á verkefninu og skipaði skólastjóri þá nýjan oddvita.

Oddviti auglýsti viðtals og stuðningstíma einu sinni í viku og voru þeir allvelsóttir í upphafi meðan kennarar voru að koma sér inn í verkefnið. Kennarar nýttu sér allflestir hugmyndir að kennslu sem er fylgiskjal 5 í *“Það er bara heilans vandamál”* og bjuggu til vinnuspjöld líkt og lýst er í fylgiskjali 7 í sama riti. Þannig að kennarar voru nokkuð vel undirbúnir þegar kennslan fór af stað.

Dagana 8. – 10. september voru fyrstu lesskilningsprófin lögð fyrir nemendur skólans. Var ákveðið að 10. bekkur yrði með í verkefninu og 1. og 2. bekkur fylgdist með því og tækju upp aðferðirnar eftir því sem við varð komið í kennslunni. Sérstök próf höfðu verið gerð fyrir 3. bekk, 4. bekk og 5. bekk. Sömu prófin voru lögð fyrir í 6. og 7. bekk og einnig tóku 8. 9. og 10. bekkur eins próf. Sérstalega aldursamsvarandi próf voru einnig lögð fyrir í 1. og 2. bekk.

Eftir að fyrsta lesskilningsprófinu var lokið var tekið til við kennsluna. Allir umsjónakennarar 3. – 10. bekkjar skiluðu inn niðurstöðum prófanna, bakgrunnsupplýsingar bekkjarins og gerðu grein fyrir frávikum. Einnig skiluðu umsjónarkennarar inn kennsluáætlun þar sem þeir gerðu grein fyrir hvernig kennslu í þeirra umsjónabekk yrði háttað næstu 10. vikurnar. Fjórir kennarar af sjö skiluðu inn áætlun um markmið með kennslunni næstu 10 vikur. Þrisvar á tímabilinu skiluðu kennarar til oddvita blaði þar sem þeir mátu eigin frammistöðu í verkefninu. Á grundvelli þessara matsblaðs ræddi oddviti síðan við kennarana og reyndi að veita þeim leiðsögn og stuðning.

Þegar lagt var af stað í verkefnið í gagnvirkum lestri var ákveðið að kennarar 1. og 2. bekkjar tileinkuðu sér aðferðafræðina og notuðu hana í kennslu þar sem við var komið. Þegar leið á haustið barst oddvita til eyrna að próf væru til til að meta árangur þessara bekkja og var því í október ákveðið að taka stöðuna á bekkjunum og kanna framfarir þeirra á þeim tíma sem eftir voru. Kennarar í 1. og 2. bekk skiluðu því ekki inn áætlun um kennslu til oddvita og athuguðu ekki gæði samantektar hjá nemendum sínum. Tíminn milli stöðuprófanna hjá 1. og 2. bekk var u.þ.b. 7 vikur.

Um haustið var verkefnið kynnt bæjarbúum í fréttabréfi skólans og þann 1. október voru foreldrar nemenda í skólanum boðaðir á námsefniskynningu þar sem oddviti kynnti verkefnið. Almenn ánægja var í foreldrum á fundinum gagnvart verkefninu og var því sýndur nokkur áhugi. Umsjónarkennarar bekkjanna sáu síðan um frekari kynningu verkefnisins með dreifibréfum og samræðum við foreldara barna í sínum bekk.

Á þessu 10 vikna tímabili kom verkstjóri skólaskrifstofu þrisvar í heimsókn í skólann og í síðasta skiptið kom hann ásamt verkefnisstjórna. Í byrjun október var fyrsti fundurinn, fundina sátu allir kennarar skólans auk skólastjóra. Allir kennarar höfðu hafið verkefnið og lýsti fyrsti fundurinn miklum hug í kennurum flestum gekk þeim vel að tileinka sér áherslur í verkefninu þó nokkrir væru óöruggir í kennslunni. Næsti fundur var í lok október þá voru kennarar komnir vel á stað í verkefninu. Nokkrir kennarar héldu áfram fullir áhuga en í öðrum mátti greina þreytu gagnvart verkefninu. Á síðasta fundinum í lok nóvember sáu kennarar fram á lok verkefnisins. Á þeim fundi báru kennarar almennt verkefnum lof og töldu það hafa reynst nokkuð vel. Þó var nokkur óánægja greinanaleg á efsta stigi, þar vitrist erfiðara að halda athygli nemenda gagnvart verkefninu og þótti mörgum nemendum á unglingastigi það einhæft og leiðigjarnt.

Á tímabilinu lögðu umsjónakennarar bekkjana fyrir athugun á færni nemenda til að gera samantekt úr texta og var árangurinn metinn á þar til gert eyðublað þar sem nemandi var metinn eftir fyrirfram gefnum mælikvarða. Allir kennarar skólans greindu framfarir í bekkjum sínum á gæði samantektarinnar. Þar sem skýrsla þessi hefur verið oddvita nokkuð þurftafrek var því ákveðið að sleppa úrvinnslu þess mats.


Dagana 26.- 28. nóvember var annað lesskilningsprófið lagt fyrir nemendur. Fór það almennt val fram. Frávikum við framkvæmd prófanna og athugasemdum verður gerð skil síðar í skýrslunni.

### 3. hluti.


#### Niðurstöður

#### Meðaltal skólans

Á lesskilningsprófi í september náðu nemendur í Stóru Vogaskóla árangri á bilinu 45% til 86%. Þá sýndu 4. 6. og 7. bekkur lakastan árangur og voru þeir bekkir með undir 50% árangur í lesskilningi. 8. bekkur náði bestum árangri í september eða 77% skilningi. Á lesskilningsprófi í nóvember var skilningur 39% - 86%. Framfarir voru mestar í þeim bekkjum sem lakasta stöðu sýndu í upphafi tímabilsins, en þeir bekkir sem stóðu sig best í september sýndu lakari stöðu í prófinu í nóvember.



**Mynd 1: Meðalárangur við upphaf og lok kennslulotunnar í 3. – 10. bekk.**



**Mynd 2: Hlutfallslegar framfarir á 10 vikum.**

Forsendur útreiknings á framförum nemenda í lesskilningi er eftirfarandi: Nemandi sem hafði 30% árangur í september en 60% í nóvember, bætti sig um 100%. Annar nemandi sem fór úr 30% í 45% bætti sig um 50%. Miðað við þessar forsendur kom í ljós að 3. – 7. bekkur bættu allir lesskilning sinn á tímabilinu. Aftur á móti fór 8. 9. og 10. bekk aftur í lesskilningi á tímabilinu. Bestum árangri náðu 3. 4. 6. og 7. bekkur sem sýndu í kringum 40% árangur eftir kennslulotuna.


### 3. bekkur

Fyrsta lesskilningsprófið tóku 18 nemendur í 3. bekk. Prófið var lagt fyrir í 3 hópum. 15 börn voru í einum hóp, tvö börn sem kennari mat úthaldslítil og hæglaes tóku prófið saman, þó án hjálpar. Eitt barn tók prófið hjá sérkennara sem las sumt í prófinu fyrir hann og mat eftir úthaldi hjá honum. Próftími var 40 mínútur og luku börnin öll prófinu á þeim tíma.

Í 3. bekk sá umsjónarkennari um alla kennslu í gagnvirkum lestri þar sem hann kennir einungis bóklegar greinar í bekknum.


Seinna prófið tóku 17 nemendur, þau þrjú börn sem tekin höfðu verið út úr hópnunum tóku nú prófið aftur saman en nú með sérkennara. Umsjónarkennari bekkjarins var í leyfi á þeim tíma og vegna misskilnings var nú lesið fyrir 2 nemendur sem áður höfðu lesið prófin sjálfir.

Samanburður á prófun í 1. bekk í september og nóvember sýnir umtalsverðan árangur. Meðaltal skilnings í september var 61% en í lok nóvember 86%. Ef frá eru talin þau börn sem lásu sjálf í fyrra prófinu en lesið var fyrir í því seinna er meðaltal skilnings í prófinu í nóvember 73%.



**Mynd 3: lesskilningur- framfarir í 3. bekk.**

Í september voru 50% nemenda eða 9 nemendur með 70% lesskilning eða minna. Í lok tímabilsins var enginn nemandi undir 70% skilningi. Aðeins einn nemandi sýndi slakari árangur en í september sbr. Mynd 2.



**Mynd 4. 3. bekkur – breytingar á lesskilningi eftir 10 vikur.**

Á þessum 10 vikum sem 3. bekkur naut kennslu í gagnvirkum lestri bættu nemendur bekkjarins lesskilning sinn að meðaltali um 35%.


#### 4. bekkur

Fyrsta lesskilningsprófið í 4. bekk var tekið tóku 28 nemendur. Einn nemandi hætti í skólanum á meðan á verkefninu stóð og eru hans niðurstöður ekki teknar með í úrvinnslu gagnanna. Prófin í bekknum tóku 40 mínútur og gátu allir nemendur lokið prófinu á þeim tíma. Ekki var lesið fyrir nemendur þó nokkrir í bekknum séu með mjög slaka lestrarfærni.

Umsjónarkennari kenndi börnunum gagnvirkan lestur þrisvar sinnum í viku í íslensku og kristinfræði. Einu sinni í viku var gagnvirkur lestur notaður í samfélagsfræði af greinarkennara.


Seinna prófið tóku 27 nemendur. Þeir 5 nemendur sem slökustu lestrarfærnina höfðu tóku prófið í annarri stofu með stuðningsfulltrúa.

Samanburður á prófum í 4. bekk í september og nóvember sýnir nokkuð góðan árangur. Meðaltal skilnings í september var 45% en í lok nóvember sýndi bekkurinn 59% skilning. Þó er áberandi að bekkurinn skiptist nokkurn veginn í 2 hópa í seinna prófinu. Nokkrir nemendur eru greinilega ekki að ná að nýta sér aðferðina á meðan annar hluti bætir sig mikið. Þarna kemur vel í ljós hve þeir nemendur sem slakasta lestrarfærnina hafa ráða illa við verkefnið, þrátt fyrir kennslu í gagnvirkum lestri.



**Mynd 5. Lesskilningur – framfarir í 4. bekk.**

Ef litið er á breytingar í lesskilningi kemur þetta vel í ljós. Um þriðjungur nemenda stendur í stað eða lækkar sig milli prófa. Annar þriðjungur bætir stöðu sína um 20 – 80% en einn þriðjungurinn bætir lesskilning sinn um 100-500% sbr. Mynd 6.



**Mynd 6. 4. bekkur – breytingar á lesskilningi eftir 10 vikur.**


Að meðaltali bættu nemendur í 4. bekk lesskilning sinn um 38%.

## 5. bekkur

Í 5. bekk tóku 24 nemendur fyrra prófið í september. Allir nemendur leystu prófin án hjálpar þó að 9 nemendur hafi ekki náð fullri lestrarfærni. Nemendur leystu allir verkefnið á 5-30 mínútum.


Í 5. bekk sá umsjónarkennari um að kenna gagnvirkan lestur og sjá um að allir tileinkuðu sér aðferðina. Á síðari stigum var áætlað og aðferðin væri notuð í samfélagsfræði og náttúrufræði.

23 nemendur í 5. bekk tóku lesskilningspróf í 5. bekk. Samanburður á prófum sýnir framför í lesskilningi. Meðaltal skilnings í september var 70% en í lok nóvember sýndi bekkurinn 75% skilning.



**Mynd 7. Lesskilningur – framfarir í 5. bekk.**

Í september voru 25% bekkjarins með 50% skilning eða minna en í lok tímabilsins voru 21% með þann skilning sbr mynd 8.



**Mynd 8: 5. bekkur – breytingar á lesskilningi eftir 10. vikur.**


Á seinna prófinu í nóvember sýndu 8 nemendur slakara einkunn en í september. Tveir nemendur bæta sig um 150%. Að meðaltali bættu nemendur í 5. bekk lesskilning sinn um 7%.

## 6. bekkur

Fjöldi nemenda sem tók lesskilningspróf í september var 19. Í bekknum eru 20 nemendur og var einn í leyfi. Í nóvember tóku allir 20 nemendur bekkjarins prófið. Engin nemandi var með kennslufræðileg frávík en tveir af þeim sem tóku þátt eru ofvirkir. Annar stendur námslega ágætlega en hinn illa. Hann getur lesið sjálfur en lesskilningu hans í upphafi var mjög slakur.


Í 6. bekk sáu umsjónarkennari og náttúrufræðikennarinn um kennslu í gagnvirkum lestri. Umsjónarkennari lagði inn aðferðina og kenndi þrjár fyrstu vikurnar í bókmenntum og samfélagsfræði. Náttúrufræðikennarinn kenndi einu sinni í viku seinni hluta kennslulotunnar.

Samanburður á prófunum í 6. bekk í september og nóvember sýnir umtalsverðan árangur. Meðaltal skilnings í september var 47% en í lok nóvember sýndi bekkurinn 69% skilning.



**Mynd 9: Lesskilningur – framfarir í 6. bekk.**

Í september voru 55% nemenda eða 11 með 50% skilning eða minna. Í lok tímabilsins voru 26% (5 nemendur) með minni en 50% skilning sbr mynd 10.



**Mynd 10: 6. bekkur – breytingar á lesskilning eftir 10 vikur.**


Í 6. bekk hafði 4 nemendum (21%) farið aftur í lesskilningi á tímabilinu einn hafði staðið í stað en hinir bæta lesskilning sinn frá 10 – 800%. Athyglivert er að 32% nemenda í bekknum bæta lesskilning sinn um 100% eða meira. Að meðaltali bættu nemendur í 6. bekk lesskilning sinn um 38%.

## 7. bekkur

Fjöldi nemenda sem tóku stöðupróf bæði í september og nóvember var 24 og eru það allir nemendur bekkjarins. Fjórir nemendur bekkjarins eru með sértæka lestrarerfiðleika og var texti prófanna lesin fyrir þá hjá sérkennara. Einn nemandi tók prófið 23.september.


Allar 10 vikurnar sáu umsjónarkennari og sérkennari um kennslu í gagnvirkum lestri. Þeir nemendur sem eru með sértæka lestrarörðugleika eru þrisvar í viku hjá sérkennara og var þeim kenndur gagnvirkur lestur í þeim tímum. Síðustu 2 vikurnar var áætlað að dönskukennarinn kæmi inn í kennsluna.

Samanburður á prófum í september og nóvember sýnir umtalsverðan árangur. Meðaltal skilnings í september var 49% en í lok nóvember sýndi bekkurinn 68% skilning sbr mynd 11.



**Mynd 11: Lesskilningur – framfarir í 7. bekk.**

Í september voru 67% nemenda eða 16 nemendur með 50% skilning eða minna. Í lok tímabilsins voru 21% eða 5 nemendur með þann skilning.



**Mynd 12: 7. bekkur – breytingar á lesskilningi eftir 10 vikur.**


Á seinna prófinu í nóvember sýndu 5 nemendur slakari árangur en í september sbr. mynd 12. Dreifingin í bekknum er mjög mikil, einn nemandi er með 100% lakari árangur en áður og annar bætir sig um 600%. Flestir eða fjórðungur bekkjarins bætti árangur sinn um 100%. Meðaltalsárangur í 7. bekk var 38%.

## 8. bekkur

Fjöldi nemenda sem tók stöðupróf bæði í september og nóvember var 21 og eru það allir nemendur bekkjarins. Einn nemandi tók prófið þrem dögum síðar vegna veikinda. Allir lásu þeir prófið sjálfir.


Fjórir kennarar komu að kennslu í gagnvirkum lestri í 8. bekk. Umsjónarkennari sem jafnframt kennir íslensku notar aðferðina tvisvar í viku. Einnig er aðferðin notuð í náttúrufræði, dönsku og samfélagsfræði einu sinni í viku.

Samanburður á prófum í 8. bekk sýndu nokkuð slakan árangur. Meðaltal skilnings í september var 77% en í nóvember sýndi bekkurinn 59% skilning (mynd 13).



**Mynd 13: Lesskilningur – framfarir í 8. bekk.**

Í september voru 9% nemenda með 50% skilning eða minna. Í lok tímabilsins voru 48% nemenda með 50% skilning eða minna. Á seinna prófinu sýndu 66% nemenda slakari árangur 29% nemenda stóðu í stað og einn nemandi bætt árangur sinn sbr. mynd 14.



**Mynd 14: 8. bekkur – breytingar á lesskilningi eftir 10. vikur.**


Að meðaltali hrakaði lesskilningi 8. bekkjar á tímabilinu um 23%.

## 9. bekkur

Þann 17. september var fyrra stöðumatið lagt fyrir 12 nemendur í 9. bekk. Nokkrir í bekknum stríða við lesblindu en þó lásu allir nemendur prófið sjálfir og leystu það hjálparlaust. Þessir 12 nemendur tóku prófið á sama hátt í lok nóvember.

Umsjónarkennari bekkjarins kennir bekknum aðeins 1 bóklegra tíma á viku auk íþróttá. Umsjónarkennari kom því ekki að kennslu í gagnvirkum lestir í bekknum. Þrír kennarar sáu um að leiða bekkinn í gagnvirkum lestri þrisvar í viku; í íslensku, ensku og samfélagsfræði.


Samanburður á prófum í 9. bekk í september og nóvember gefur til kynna mikla afturför í lesskilningi bekknum. Í september er meðaltal skilnings 71% en í desember er lesskilningur 39% sbr. mynd 15.



Mynd 15. Lesskilningur – framfarir í 9. bekk.

Í september var aðeins einn nemandi með 50% lesskilning en enginn með minna. Í lok tímabilsins voru 67% nemenda í bekknum með 50% eða minna í lesskilning sbr. mynd 15.

Á seinna prófinu í nóvember sýndu allir nema einn nemandi bekkjarins slakari árangur í lesskilningi, einn stóð í stað sbr. Mynd 16.



**Mynd 16: 9.bekkur – breytingar á lesskilning eftir 10 vikur.**


Að meðaltali hrakaði lesskilningi í 9. bekk um 45%.

## 10. bekkur.

10. bekkur tók fyrra prófið viku síðar en aðrir bekkir skólans, síðara prófið tóku þau einnig viku seinna þannig að alls fékk 10. bekkur 10 vikur í kennslu í gagnvirkum lestri. Alls eru 25 nemendur í 10. bekk. Bæði prófin tóku 22 nemendur bekkjarins.


Áætlað var að umsjónarkennari kenndi gagnvirkan lestur einu sinni til tvisvar í viku en náttúrufræðikennari kenndi aðferðina einu sinni í viku.

Samanburður á prófum í september og desember sýna að lesskilningur bekkjarins hefur farið umtalsvert aftur á tímabilinu. Í september sýndi bekkurinn 86% skilning en í lok 10 vikna tímabils var lesskilningur bekkjarins kominn niður í 71%.



**Mynd 17: Lesskilningur – framfarir í 10 bekk.**

Í september voru 5 nemendur (20%) með 50% skilning eða minna en eftir 10 vikur voru 12 nemendur (48%) undir 50% í skilningi (mynd 17).



**Mynd 18: 10. bekkur – breytingar á lesskilningi eftir 10 vikur.**


Á þessu 10 vikna tímabili hafði 14 nemendum eða eða 56% bekkjarins farið aftur í lesskilningi samkvæmt prófinu sem tekin voru. Tveir nemendur bættu árangur sinn um 10% en 6 stóðu í stað. Að meðaltali hrakaði lesskilningi í 10. bekk um 17%.

## 1. bekkur

Alls tóku 14 nemendur í 1. bekk stöðupróf eftir u.þ.b. 7 vikna kennslulotu í gagnvirkum lestri. Vegna aldurs nemenda var stöðuprófið til að meta hlustunarskilning á texta fremur en lesskilning.

Samanburður á prófum í 1. bekk sýndi nokkrar framfarir hjá nemendum 1 bekkjar.


Meðaltal skilnings í október var 70% en í lok tímabilsins var skilningur kominn í 75%.



**Mynd 19: Lesskilningur- framfarir í 1. bekk.**

Í október voru 26% nemenda eða 4 nemendur með 50% eða minna í hlustunarskilningi en í lok tímabilsins voru 20% eða 3 nemendur með þann skilning.

Á prófi í lok tímabilsins sýndu 6 nemendur lakari hlustunarskilning en í upphafi verkefnisins sbr mynd 20.




**Mynd 20: 1. bekkur – breytingar á hlustunarskilningi.**

Að meðaltali bættu nemendur 1. bekkjar hlustunarskilning sinn um 7%.

## 2. bekkur


Alls tóku 17 nemendur af 18 í 2. bekk stöðupróf eftir u.þ.b. 7 vikna kennslulotu í gagnvirkum lestri. Í upphafi tímabils voru tekin 2 próf og var meðaltal hlustunarskilnings á þeim prófum notað í úrvinnslu gagnanna. Vegna aldurs nemenda var stöðuprófið til að meta hlustunarskilning á texta fremur en lesskilning.

Samanburður á prófum í 2. bekk sýndi nokkrar framfarir hjá nemendum. Meðaltal skilnings í október var 77% en í lok tímabilsins var skilningur kominn í 84%.



**Mynd 21: 2. bekkur – breytingar á hlustunarskilningi.**

Í október var enginn nemandi bekkjarins undir 60 % skilningi en í nóvember var enginn undir 70%. Á seinna prófinu sýndi enginn nemandi bekkjarins lakari skilning en í fyrra prófinu sbr mynd 22.



**Mynd 22: 2. bekkur – breytingar á skilningi eftir 7 vikur.**

Að meðaltali bættu nemendur 2. bekkjar skilning sinn um 9% á tímabilinu.

## Viðhorf kennara skólans.

Eftir að verkefninu var lokið var lagður spurningalisti fyrir kennara þar sem kannað var viðhorf þeirra til verkefnisins og mat þeirra á gengi þess. Þessi könnun innihélt 14 spurningar þar sem kennarar merktu við hvort þeir væru mjög, frekar, lítið eða mikið sammála þeim fullyrðingum sem fram eru settar og merktu við með tölunum 1-5. Einnig var hægt að svara án þess að taka afstöðu (3) sbr. mynd 23.

Þegar spurt var um viðhorf nemenda gagnvart verkefninu var algengast að kennarar svöruðu því til að nemendur væru fremur hlutlausir í garð verkefnisins. Þó töldu fleiri kennarar að nemendur væru mjög eða frekar jákvæðir gagnvart gagnvirka lestrinum. Einnig kom í ljós í könnuninni að þeir kennarar sem treystu sér til að dæma um viðbrögð

foreldra gagnvart verkefninu töldu þá vera fremur jákvæða. Enginn kennari hafði heyrð foreldra birta neikvætt viðhorf gagnvart því. Flestir kennarar gátu ekki tekið afstöðu til þess hvort nemendur þeirra skildu hvers vegna þeim hefðu verið kennd aðferðin og svipað hlutfall töldu að nemendur hefðu tekist að nýta sér aðferðina.

Almennt voru kennarar frekar jákvæðir gagnvart verkefninu og töldu það hafa komið sér til góða. Meirihluti kennara (70%) taldi verkefnið hafa aukið skilning sinn frekar eða mjög mikið á mikilvægi lesskilning fyrir nemendur og helmingur kennara töldu að þátttaka í verkefninu breytti kennsluháttum sínum til frambúðar. Einnig töldu flestir kennarar að þeim hefði tekist nokkuð vel eða sæmilega að tileinka sér aðferðina. Kennarar þóttu almennt tíminn sem fór í verkefnið nægur og umfang þess hæfilegt.

Af viðhorfskönnuninni mátti dæma að kennarararnir hefðu verið einna ánægðastir með skilpulag skólans í verkefninu. Einnig töldu kennarar að slíkt þróunarverkefni væri mikilvægt fyrir skólastarfið. Einning voru þeir nokkuð sáttir við ráðgjöfina og töldu sig hafa farið nokkuð vel eftir þeirri áætlun sem þeir gerðu í byrjun.

## 4. hluti.

### Mat

Í lok verkefnisins finnst mér sem oddviti Stóru – Vogaskóla að nokkuð vel hafi gengið í verkefninu. Mjög gott var að hafa ráðgjafafundi með öllum kennurum þar sem rætt var um verkefnið og var sú umræða afar þörf. Þetta góða gengi í ferlinu má hugsanlega þakka því að allir kennarar tóku þátt í verkefninu, skólinn er tiltölulega lítið og kennarar þekkjast ágætlega. Einnig eru góð tengsl milli skólastjórnenda og kennara svo og á milli kennara almennt.

Oddvita gékk mjög vel að safna gögnum og öll samskipti við kennara voru hin bestu. Stuðningur skólastjórnenda var einnig mjög góður þó þungi verkefnisins lenti nokkuð þungt á oddvita. Til bóta hefði verið að skipa tvo eða þrjá oddvita frá hverjum skóla (hugsanlega deildarstjórnara) eða hafa reglulega fundi í skólanum þar sem verkefnið væri rætt. Almennt fannst oddvita skorta faglega umræðu á meðan á verkefninu stóð. Sú umræða hefði mátt vera meiri milli oddvita og ráðgjafa skólaskrifstofu, milli oddvita og stjórnenda skóla, og oddvita og kennara. Í því samhengi var ómetanlegt að fá að hitta oddvita annarar skóla til að skiptast á skoðunum og ræða framgang verkefnisins.

Þegar lítið er á niðurstöður verkefnisins er áberandi hve illa efstu bekkir skólans komu út á prófinu. Er það mat okkar að fráleitt sé að skella þeirri skuld á frammistöðu kennara og þátttöku nemenda í verkefninu. Þrátt fyrir að greina hefði mátti þreytu gagnvart verkefninu í efstu bekkjunum getur svo slök útkoma ekki verið því að kenna. Líklegasta skýringin er sú að þau próf sem oddvitar skólanna bjuggu til í upphafi hefðu alls ekki verið nógu faglega unnin, kennarar sem ekki höfðu nógu góða innsýn í getu aldurshópanna bjuggu til prófin og yfirlestur sérfræðinga á skólaskrifstofu sem áttu að sjá til að prófin stæðust þær kröfur sem gera átti til þeirra, var að mínu mati ekki sem skyldi. Þessi niðurstaða í efstu bekkjunum rýrir einnig gildi þeirra niðurstaðna í skólanum sem ásættanlegri voru. Þannig er aðeins hægt að líta svo á að niðurstaða sé marktæk ef hún er skoðuð í samhengi annara bekkjardeilda.

Að mínu mati er niðurstaða verkefnisins í Stóru – Vogaskóla mjög ásættanleg. Verkefnið vakti kennara, foreldra og nemendur til umhugsunar um læsi og lesskilning. Verkefnið er að mínu mati góður vitnisburður um samstarfskóla á Suðurnesjum og sýnir hve mikilvægt samtal og samvinna er í nútíma skólasamfélagi.

Af þessari vinnu og gerð þessarar skýrslu hef ég haft talsvert gagn og einnig nokkuð gaman. Þó við ég nefna að lokum að skýrsla sem þessi er nokkuð of umfangsmikil og liggur mér við að segja ekki réttlætanleg í ljósi umfangs þessa verkefnis.

Vogar á Vatnsleysuströnd 15. des 2003

---

Inga Sigrún Atladóttir